

# Raunfærnimat til styttingar á námi

## Undirbúningur og framkvæmd

### Undirbúningur og stýring

#### Stýrihópur

Hlutverk stýrihóps er að ákveða áfanga til mats, inntökuskilyrði, velja matsaðila, greina mögulegar hindranir fyrir nám að loknu raunfærnimati, fjármögnun og tryggja gildi á niðurstöðum.

Stærð stýrihóps er að lágmarki eins og kveðið er á um í reglugerð, fulltrúi frá atvinnulífi, skóla og ráðgjafi. Getur þurft að víkka út sérstaklega í nýjum verkefnum.

#### Yfirfara hæfniviðmið

Meta hvort þau séu í samræmi við námskrá sem notuð er til grundvallar í mati. FA heldur miðlægt utan um matslista.

#### Verkefnastýring

Verk- og kostnaðarætlun, gæðamál, yfirsýn, þjálfun matsaðila og ráðgjafa, verkaskipting, samningar og fjármál.



### Stuðningur, leiðsögn og ráðgjöf

#### Hlutverk ráðgjafa er að:

- veita hvatningu, stuðning og endurgjöf í ferlinu
- gæta að réttindum einstaklings í raunfærnimatsferlinu.
- veita eftirfylgni og ráðgjöf að loknu raunfærnimati

Ráðgjafi er tengiliður við þátttakendur í verkefninu og stýrir gerð færnimöppu.

Í matsviðtölum er veittur stuðningur ef þess er óskað. Misjafnt er hvort og þá hve mikil þörf er fyrir stuðning.

#### Þegar niðurstöður mats liggja fyrir

þarf þátttakandi að fá skýrt yfirlit yfir hvaða hluta náms er lokið og ráðgjöf um hvaða möguleikar eru til að ljúka því.

Ráðgjöf þarf að taka mið af aðstæðum einstaklings og í flestum tilvikum er þörf fyrir nám samhliða vinnu.

### Upplýsingar og skimun

#### Skimun

Skimunarlistar eru á máli vinnumarkaðar, eru stuttir en gefa heildarsýn á reynslu. Notaðir til að skima reynslu af vinnumarkaði og tengja við viðmið í raunfærnimati. Á viðkomandi erindi í raunfærnimati?

#### Upplýsingagjöf markmið

Að veita upplýsingar til að einstaklingar geti tekið upplýsta ákvörðun um að sækja um í verkefnið. Markmið að finna einstaklinga sem hafa reynslu og færni í faginu og standast inntökuskilyrði.

#### Kynna þarf:

- Aðferðafræði raunfærnimats - framkvæmd
- Þátttökuskilyrði
- Tímasetta verkáætlun
- Réttindi einstaklinga til að gera athugasemdir
- Möguleikar að loknu raunfærnimati

Mikilvægt er að einstaklingar sem eiga ekki erindi í raunfærnimat fái skýringar á því af hverju þau komast ekki að og ráðgjöf um aðra möguleika.

### Skráning og sjálfsmat

#### Færnimappa

Þátttakandi skráir færni sem hann hefur áunnið sér í starfi og einkalífi (fær sýn á eigin styrkleika)

Mikilvægt að einstaklingur fái ráðgjöf og tíma til að rifja upp og afla gagna v/ náms- og starfsferils.

#### Sjálfsmat

Í sjálfsmati leggur þátttakandi mat á eigin stöðu á mót matslistum.

Það á að vera hægt að leita til matsaðila til að útskýra hæfniviðmið.

#### Niðurstaða úr sjálfsmati

Ef einstaklingur skorar lágt í einstökum námskeiðum / áföngum er líklega ekki þörf á matssamtali. Hann á ekki erindi í mat í þeim áfanga.

Matsaðilar fá tíma til að yfirfara sjálfsmat áður en matssamtal hefst.

Sjálfsmatslistar eru byggðir upp í samræmi við áfangaskiptingu náms og eru með fjögurra þrepa skala þar sem þátttakandi leggur mat á þekkingu sína.

### Staðfesting og matssamtal

Matsaðili/ar leggur mat á hvort hæfni er til staðar og metur hana á mót hæfniviðmiðum. Matið gengur út á að bera raunfærni einstaklingsins saman við hæfniviðmið.

#### Hafa í huga að:

- matsaðilar hafa haft tækifæri til að kynna sér færnimöppu og sjálfsmat fyrir staðfestingu á hæfni
- ráðgjafi veitir stuðning í matsviðtali ef einstaklingur óskar þess

#### Niðurstaða

Matsaðilar fara yfir niðurstöðu og skýra hana í samtali við þátttakanda. Getur verið beint að loknu mati eða síðar.

#### Fjölbreyttar aðferðir

Tala, teikna, raundæmi, leysa verkefni, framkvæma, eftir innihaldi áfangans og þeirri aðferð sem hentar þátttakanda best.

### Vottun og skráning

#### Skráning eininga í INNU

Mikilvægt er að einingar sem staðfestar eru með raunfærnimati séu skráðar inn í sama kerfi og aðrar einingar úr formlega skólakerfinu.

Það tryggir gildi þeirra þannig að þátttakandi geti hafið nám þegar honum hentar og bindur hann niðurstöður ekki við ákveðinn skóla.

Gögn um niðurstöður úr mati þarf að varðveita eins og gögn úr prófum. Þátttakandi getur óskað eftir skýringum á niðurstöðum í allt að ár.

### Frekari upplýsingar

Veitir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins [www.frae.is](http://www.frae.is)  
Sími - 599 1400  
Lilja - [lilja@frae.is](mailto:lilja@frae.is)  
Haukur - [haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is)